# Standandi Canexelklæðning




## *Leiðbeiningar vegna grindar / loftunar á klæðningu.*

Útveggjaklæðningu ætti alltaf að loftræsta og ganga þannig frá að ekki hljótist af skemmdir á byggingunni vegna uppsafnaðrar rakaþéttingar

Á veggjum með útloftuðum klæðningum er klæðningin (regnvörnin) skilin frá veggnum (vindvörninni) með loftrými sem hefur þann tilgang:

Að leiða vatn sem hefur komist fram hjá klæðningunni, aftur út

Að lofta út þann raka sem kann að vera í innri hluta veggjarins

Að þurrka vætu af bakhlið klæðningarinnar

Að jafna út loftþrýsting

Þetta er yfirleitt gert með því að festa klæðninguna á lista ( timburlektur ) og mynda þannig, opið loftrými á bak við klæðninguna.

Einnig þarf að passa að hafa loftunarop bæði efst og neðst,og einnig undir og yfir gluggum. Þannig að loft geti streymt annaðhvort til hliðar við gluggann eða beint út undir glugganum.

Listarnir skulu að jafnaði vera úr timbri, greni eða furu, Við venjulegar aðstæður ætti ekki að vera þörf á að fúaverja listana eða nota gagnfúavarið efni. Athuga þarf að styrkur og efnisgæði bæði grindar og festinga sé fullnægjandi og endist fyrirhugaðan líftíma viðkomandi klæðningar.

Stærð listanna getur verið mismunandi eftir aðstæðum, en lágmarks loftunar bil fyrir canexel er 20 mm.

Rakavörn úr tjörupappa skal komið fyrir milli timburs og steyptra byggingarhluta.

Og athuga þarf að meindýr komist ekki bak við klæðninguna.

Loftunarleið er sýnd með bláum örvum á sneiðmyndum




Sneiðing yfir glugga




Sneiðing við þak




Sneiðing við sökkul




Sneiðing undirglugga